

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



Fundarboð

1. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2019-2020
11. nóv. kl. 8:10 – 9:30 í Heppuskóla – stofu 6

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Björn Sigfinnsson

Mættir: Kristín Hermannsdóttir, Sunna Guðmundsdóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Selma Ýr Ívarsdóttir, Birkir Snær Ingólfsson, Eva Rán Ragnarsdóttir, Heiður Sigurðardóttir, Björn Sigfinnsson og Þórgunnur Torfadóttir.

Dagskrá

1. Fulltrúar í skólaráði kynntir og farið yfir hlutverk skólaráðs
2. Starfspróun starfsmanna – kynning á námskeiði sem starfsmenn eru á.
3. Niðurstöður samræmdra prófa
4. Niðurstöður Skólapúlsins
5. Vöruhúsið
6. Hafnarhittingur
7. Skólaþing á afmælisdegi Barnasáttmálans
8. Önnur mál

Fundargerð

Dagskrá

1. **Fulltrúar í skólaráði kynntir og farið yfir hlutverk skólaráðs.**
Þórgunnur afhenti gögn og fór yfir handbók fyrir skólaráð. Fundartími ákveðin á föstudögum kl. 8:10. Fram kom að enn vantar fulltrúa í skólaráð. Katrín bauð sig fram sem fastan fulltrúa fyrir hönd foreldra og að loknum fundinum koma annað framboð frá Stefaníu Hilmarsdóttur. Skólaráð er því fullmannað, sjá heimasíðu skólans. Kristín Hermannsdóttir tók að sér að vera tengiliður við skólanefnd en foreldrar eiga fulltrúa í skólanefnd og skiptast fulltrúar skólaráðs um að sitja þá fundi.
2. **Starfspróun starfsmanna – kynning á námskeiði sem starfsmenn eru á.**
Þórgunnur kynnti námskeiðið og benti á kynningu í síðasta fréttabréfi.
3. **Niðurstöður samræmdra prófa**
Þórgunnur fór yfir niðurstöður sem birtar eru á heimasíðu skólans. Rætt var um hvort framhaldsskólar gætu krafið nemendur um niðurstöður samræmdra prófa en svo er ekki.
4. **Niðurstöður Skólapúlsins**
Þórgunnur fór yfir niðurstöður Skólapúlsins sem hafa lítið breyst. Það er marktækur munur á tveimur stöðum annars vegar hreyfa nemendur skólans sig marktækt meira en nemendur annars staðar á landinu og einnig hafa þeir marktækt meiri áhuga á stærðfræði.
5. **Vöruhúsið/Hafnarhittingur**
Vel hefur tekist til við breytingar. Ekki hefur enn verið ákveðið hvernig miðrímið verður nýtt en margar hugmyndir hafa komið. Gefa á tíma til að finna út hvernig það verður nýtt en víst

er að margt kemur til greina. Góðar umræður urðu undir þessum lið. **Hafnarhittingur** verður í Vöruhúsinu n.k. miðvikudag 13. nóvember.

6. Skólaþing á afmælisdegi Barnasáttmálans

Barnasáttmállinn 40 ára 20. nóvember. Á skólaþingi mun umræðan snúast um að nemendur velti fyrir sér hvað þeim finnst að mætti vera öðruvísi í heiminum, í samfélaginu okkar og í skólanum og ræði síðan hvað þeir geti gert til að breyta. Skólaþingið er liður í að efla lýðræði innan skólans, lýðræðishugsun og lýðræðislega umræðu um leið og haldið er upp á Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

7. Önnur mál

Þórgunnur sagði frá því að skólanefnd væri að ræða og vinna að hvernig við sjáum fyrir okkur skólahúsnæðið t.d. næstu 30 árin. Það sem helst hefur þrýst á þessa umræðu er að Kátakot er orðið of lítið og matsalurinn ekki nægjanlega góður. Þar að auki þarf ekki að fjölga um marga nemendur til þess að húsnæði skólans sérstaklega Hafnarskólamegin sé of lítið.

Umræður urðu um svefntíma barna og unglinga og hvort byrja ætti skólastarf seinna á morgnanna.

Hafnarhittingur snemma í desember sem foreldrafélagið sér um. Vinna komin í gang.

Kristín talaði um að Andri Snær og Högni í Hjaltalín væru spenntir fyrir að koma hingað fyrir áramót. Áhugi hjá skólanum að vera þátttakendur í komu þeirra. Skýrist fljótlega.

Næsti fundur boðaður föstudaginn 6. desember kl. 8:10 í stofu 5 í Heppuskóla